

Drög að sameiginlegri lögreglusamþykkt fyrir Suðurland ...

Til : 'asta@arborg.is' <asta@arborg.is>; 'asahreppur@asahreppur.is' <asahreppur@asahreppur.is>; Valtýr Valtýsson <valtyr@blaskogabyggd.is>; Sveitarstjóri Flóahrepps <floahreppur@floahreppur.is>; Ingibjörg Harðardóttir | Sveitarstjóri GOGG <gogg@gogg.is>; 'jon@fludir.is' <jon@fludir.is>; Aldís Hafsteinsdóttir <aldis@hveragerdi.is>; 'sveitarstjori@vik.is' <sveitarstjori@vik.is>; Ísólfr Gylfi Pálmason <isolfrur@hvolsvollur.is>; Ágúst Sigurðsson; 'sveitarstjori@klaustur.is' <sveitarstjori@klaustur.is>; 'oddviti@skeidgnup.is' <oddviti@skeidgnup.is>; 'kristofer@skeidgnup.is' <kristofer@skeidgnup.is>; Gunnsteinn R. Ómarsson <gunnsteinn@olfus.is>; Björn Ingi Jónsson' <bjorningi@hornafjordur.is>

Frá : Bjarni Guðmundsson <bjarni@sudurland.is>

Heiti : Drög að sameiginlegri lögreglusamþykkt fyrir Suðurland ...

Málsnúmer : 1706012

Málsaðili : Samtök sunnlenskra sveitarfél

Skráð dags : 06.09.2017 20:35:19

Höfundur : Bjarni Guðmundsson <bjarni@sudurland.is>

Viðhengi [Lögreglusamþykkt Suðurland 09 06 2017.docx](#)[Lögreglusamþykkt Suðurland 09 06 2017.docx](#)
[image001.jpg](#)[image001.jpg](#)

Ágæti bæjar- og sveitarstjóri!

Á síðasta ársþingi SASS var samþykkt að fela stjórn samtakanna að skipa starfshóp til að vinna að gerð sameiginlegrar lögreglusamþykktar fyrir sveitarfélög á Suðurlandi, utan Vestmannaeyja. Stjórn SASS skipaði eftirtalda í starfshópinn: Ástu Stefánsdóttur, Ágúst Sigurðsson og Björn Inga Jónsson og hópnum til ráðgjafar var Gunnar Örn Jónsson lögfræðingur hjá lögreglunni á Suðurlandi.

Áður en starfshópurinn lauk vinnu sinni fékk hann fulltrúa í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu til að fara yfir drögin og var það gert án þess þó að þau væru staðfest af hálfu ráðuneytisins. Á svörum sem fengist hafa, m.a. frá ráðuneytinu, er ljóst að heimild er til að sveitarfélög taki sig saman og hafi sameiginlega lögreglusamþykkt fyrir nokkur sveitarfélög.

Starfshópurinn hefur nú lokið umfjöllun sinni og því eru drögin send sveitarfélögunum á Suðurlandi, sem tilheyra lögreglustjóranum á Suðurlandi, til umfjöllunar og afgreiðslu.

Verði þau samþykkt af sveitarfélögunum verða þau send ráðuneyti samgöngu og sveitarstjórnar til samþykktar en það er til samræmis við 4. gr. laga nr. 38/1988 en þar segir:

4. gr. Sveitarstjórn semur frumvarp til lögreglusamþykktar og sendir [ráðuneytinu] ¹⁾ til staðfestingar. Frumvarpið skal byggt á reglugerð um lögreglusamþykktir með þeim breytingum sem sveitarstjórn telur þörf á vegna umdæmisins.

Ef ráðuneytið telur þurfa að gera breytingar á frumvarpinu áður en það er staðfest skal leggja þær fyrir sveitarstjórn til álita. Breytingar, sem sveitarstjórn fellst ekki á, má eigi setja í samþykktina.

Vinsamlegast takið meðfylgjandi drög að sameiginlegri lögreglusamþykkt fyrir Suðurland til umfjöllunar og afgreiðslu sem fyrst. Sameiginleg lögreglusamþykkt fyrir Suðurland einfaldar mjög starf lögreglunnar í landshlutanum.

Bestu kveðjur og óskum um góða helgi,

Bjarni Guðmundsson,
framkvæmdastjóri

